

Kj. Kjartansson ehf.
Skiopholti 35
105 Reykjavík

Reykjavík, 24. febrúar 2022
UST202109-097/F.K.
07.10.02

Eftirlit - Sólarvarnir - Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 9.11.2021 þar sem tilgreindar voru kröfur um úrbætur varðandi merkingar fyrir vöruna Jasön kids sunscreen sem fyrirtækið Kj. Kjartansson ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á. Eftirlitið fór fram hjá Apóteki Suðurlands þann 20.5.2021. Nánari upplýsingar um umfang og niðurstöður eftirlits má nálgast í eftirlitsskýrslu sem var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar í samræmi við 5. mgr. 49.gr efnalaga.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur varðandi merkingar og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins.

Að framansögðu telst því eftirfylgnimálinu sem hófst með bréfi dagsettu 9.11.2021 lokið.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með vörunni Jasön kids sunscreen og því aðeins gerðar athugasemdir við framangreinda vöru. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Kj. Kjartansson ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings og lögfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum.

Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 13.200,-.

Upplýsingar um snyrtivörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar <https://ust.is/atvinnulif/efni/snyrtivorur/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Fífu Konráðsdóttur varðandi snyrtivörur í síma 591-2000 eða gegnum netfangið fifak@ust.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllt

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson,
sérfræðingur